

L Ö G

um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um
Húsnæðismálastofnun ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

29. gr. laganna orðist svo:

Íbúðir, sem byggðar eru í því skyni að útrýma heilsuspillandi húsnæði, skulu geta notið lána samkvæmt H. kafla þessara laga eða samkvæmt lögum um Stofnlána-deild landbúnaðarins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 10. apríl 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Björn Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 10 25. jan. 1952, um
heimilishjálp í viðlögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 1. málsg. 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þá má samkv. lögum þessum starfrækja heimilishjálp handa öldruðu fólki svo og vegna veikinda barna eða fullorðinna, ef þeir, sem veita heimilinu forstöðu, eru bundnir af atvinnu utan heimilisins, eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru numin úr gildi lög nr. 58 28. apríl 1963.

Gjört að Bessastöðum, 10. apríl 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Björn Jónsson.